



SELTJARNARNESBÆR

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Kjartans Ingvarssonar
Skuggasundi
101 Reykjavík



Seltjarnarnes, 5. maí 2020
Tilvísun 2020020076/400

Efni: Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Á 99. fundi bæjarráðs Seltjarnarnesbæjar þann 16. apríl 2020, staðfest á 908. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 29. apríl sl., var eftirfarandi mál tekið fyrir og bókað:

10. Málsnúmer 202002130 Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Bæjarstjóri lagði fram afgreiðslu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar varðandi Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að draga Seltjarnarnesbæ úr samstarfi við Mosfellsbæ og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits og leggja fram eftirfarandi tillögu þess efnis fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

„Tillaga um að bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti að fela bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að draga Seltjarnarnesbæ úr samstarfi við Mosfellsbæ og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits. Þess verði farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd. Seltjarnarnesbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Seltjarnarnesbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.

Í samræmi við ofangreint er þess nú farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála, með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að kannaður verði möguleikinn á því að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd og kannaður verði möguleikinn á því að Seltjarnarnesbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Mosfellsbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.“ vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.“

Með vísan til ofangreindrar bókunar bæjarstjórnar er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd og til þess að Seltjarnarnesbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða að gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Seltjarnarnesbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.

Virðingarfyllst,
f.h. Seltjarnarnesbæjar

Asgerður Halldórsdóttir
Asgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri



Afrit sent:

1. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
2. Hreppsnefnd Kjósarhrepps